



## Símenntun er hagur allra

**Símenntun starfsmanna er lykill fyrirtækja og einstakra starfsmanna að betra starfsumhverfi, aukinni framleiðni og styrkir stöðu þeirra í síbreytilegu umhverfi.**

### Fyrirtækjastyrkir

**Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á [www.starfsafl.is](http://www.starfsafl.is) eða á skrifstofu félaganna.**

### Einstaklingsstyrkir

Menntun í atvinnulífinu er sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni atvinnurekanda og samtaka launafólks, því er mikilvægt að stjórnendur og starfsmenn sýni frumkvæði og efli starfsmenntun.

Til þess að laða að og halda góðu og hæfileikaríku starfsfólki þarf að fjárfesta í starfsþróun. Fjárfesta í mannauði. Allt bendir til að þannig fjárfesting skili sér fljótt og margfalt til baka.

Margar leiðir eru til starfsþróunar þær eru ekki bara hin hefðbundna símenntun í formi námskeiða.

Leitið upplýsinga hjá Starfsafl í síma 510 7544 eða á [www.starfsafl.is](http://www.starfsafl.is)

Starfsafl styrkir fyrirtæki til námskeiðahalds fyrir starfsmenn Flóabandalagsins (Efling, Hlíf, VSK) eða til annarra fræðslustarfsemi t.d. nýliðapjálfunar. Eins má nefna námskeið í tölvunotkun, notkun sérhæfðra tækja, skyndihjálpar, hópefli, öryggisfræðslu, gestafyrirlestra, tungumálanám o.fl.

Símenntunarmiðstöðvar, fræðsluaðilar og sjálfstæðir ráðgjafar geta greint fræðsluþarfir fyrirtækisins og jafnvel gert fræðsluáætlanir ef menn vilja.

Starfsafl er einnig ávallt tilbúið að koma að þessari vinnu, fyrirtækjum að kostnaðarlausu.

Að jafnaði getur fyrirtæki reiknað með styrk sem nemur 75% af útlögðum kostnaði (fyrirtæki utan Samtaka atvinnulífsins fá þó minna).

Hringdu í síma 510 7544 eða sendu okkur tölvupóst á [starfafl@starfsafl.is](mailto:starfafl@starfsafl.is) og fáðu okkur í heimsókn án skuldbindinga eða kostnaðar!

Félagsmenn Eflingar—stéttafélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis geta sótt um starfsmenntastyrk til sjóðsins.

Starfsafl veitir einstaklingum styrki fyrir námskeiðsgjöldum jafnt og skólagjöldum hjá viðurkenndum aðilum, s.s. mennta- og framhaldsskólum, tölvuskólum, tungumálaskólum o.s.frv.

Lífsleikni/frístundanám er einnig styrkt s.s. postulínsmálun, fluguhnýtingar, matreiðslunámskeið, leiklist o.fl.